

að ætla að almenning varði, undir sveitunga sína, og ber þeim að taka sem mest tillit til óska almennings, ef þær eru á rökum byggðar, en skera verða sveitarstjórnir úr sjálfar ef á greinir.

Héraðsnefnd ræður í þeim atriðum er hagsmunir tveggja sveitarfélaga eða fleiri koma í bága hver við önnur. Þá getur hún veitt leyfi til að hér að lútandi mál, sem að lögum skal bera undir hana, séu lögð í gerð.

45. gr.

Um viðurlög.

Brot gegn ákvæðum samþykktar þessarar varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sektarféð rennur í sveitarsjóð eða fjallskilasjóð þess hrepps eða fjallskilafélags sem brot er framið í. Ef brotið er framið á afrétti, skal líta svo á sem brotið sé í þeirri sveit eða sveitum sem afréttinn eiga.

46. gr.

Gildistaka.

Fjallskilasamþykkt þessi, sem héraðsnefnd Árnassýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin fjallskilareglugerð nr. 380/1975 fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) og þær jarðir í Biskupstungnahreppi sem liggja sunnan Hvítár í Árnassýslu og Fjallskilareglugerð nr. 163/1979 fyrir hreppana vestan Hvítár og Ölfusár í Árnassýslu.

Landbúnaðarráðuneytinu, 10. júlí 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

um umferð á Akranesi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Akraness eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akranesi:

Gangbrautir verði yfir akbrautir á eftirtöldum stöðum:

1. Þjóðbraut. móts við lóð P.P.P.
2. Dalbraut, móts við lóð Akranesveitu.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Akranesi sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Sýslumaðurinn á Akranesi, 16. júlí 1996.

Kristrún Kristinsdóttir, fulltrúi.